

Árni Jónsson, bóndi á Þverá, Svarfaðardal.

Afhending 2020/20

Árni Jónsson fæddist á Tungufelli 11. apríl 1884 og lést á Þverá 11. mars 1924.

Foreldrar Árna voru Jón Gunnlaugsson, bóndi á Sökku og skipstjóri á Pólstjörnunni og Elín Árnadóttir.

Árni var búfræðingur frá Hólaskóla, bóndi og oddviti hreppsnefndar um skeið. Hann var vel metinn af samtímamönnum, greindur maður og hógvær.

Árni bjó á Þverá allan sinn búskap, frá 1910 til æviloka og var eigandi jarðarinnar að mestum hluta eða alveg. Hann fékk nokkurn hlut hennar í arf frá systkinum sínum.

Hann var kvæntur Dórotheu Friðriku Þórðardóttur, f. 6. maí 1882, d. 23. apríl 1972, gengu þau í hjónaband 2. apríl 1907. Þau áttu fjögur börn.

Afhendingin barst Héraðsskjalasafninu frá Árna Sævar Jónssyni, kennara á Akureyri.

Afhendingin fór fram 11. maí 2020.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

13. maí 2020.

Katrín Björg Þórisdóttir.

Skjalavörður.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Árni Jónsson (1884-1924), bóndi á Þverá Svarfd.			2020 / 20
A-Árni Jónsson		1904 - 1924	
2020 - A / 1	1	1904- 1904 Hagfræði, kennslubók frá Hólaskóla skrifuð niður af Árna Jónssyni.	21 x 17,5 cm
2020 - A / 1	2	1904- 1905 Jarðræktafræði fyrri hluti (?), kennslubók frá Hólaskóla, skrifuð niður af Árna Jónssyni.	21 x 17,5 cm
2020 - A / 1	3	1904- 1905 Jarðræktafræði seinni hluti, kennslubók frá Hólaskóla, skrifuð niður af Árna Jónssyni.	21,5 x 18 cm
2020 - A / 1	4	1904- 1905 Húsdýrafræði, kennslubók frá Hólaskóla, skrifuð niður af Árna Jónssyni.	23 x 19 cm
2020 - A / 1	5	1904- 1905 Reikningabók frá Hólaskóla.	17 x 11,5 cm
2020 - A / 1	6	1904- 1905 Vatnaveitingar, kennslubók frá Hólaskóla, skrifuð niður af Árna Jónssyni.	23 x 19 cm
2020 - A / 1	7	1909- 1921 Bréf til Árna Jónssonar og ýmis laus blöð t.d. Akureyrarvísur o.fl. vísur, fundaboð, bókhald o.fl.	
2020 - A / 1	8	1905- 1906 Dagbók, 7. maí 1905 - 31. maí 1906 (öðru megin). Sögur, glósur og gamanvísur. Merkt „Hrönn, byrjuð 1904 á Hólum" (hinum megin).	17 x 11,5 cm
2020 - A / 1	9	1906- 1907 Dagbók, 9. sept 1906 - 9. jan 1907. Einnig í bókinni eru vísur, þula, ljóðabréf og listar.	19 x 12 cm
2020 - A / 1	10	1906- 1913 Dagbók, 1. júní 1906 - 17. maí 1913.	22 x 18 cm
2020 - A / 1	11	1913- 1915 Dagbók, 18. maí 1913 - 8. ágúst 1915. Um húsdýrasjúkdóma, kennslubók frá Hólaskóla (veturinn 1905), skrifuð niður af Árna Jónssyni.	20 x 13 cm
2020 - A / 2	1	1916- 1919 Dagbók, 1. jan 1916 - 12. apr 1919.	20 x 16 cm
2020 - A / 2	2	1919- 1919 Dagbók, 21. apr 1919 - 25. nóv 1919.	
2020 - A / 2	3	1920- 1924 Dagbók, 1. jan 1920 - 26. jan 1924.	21 x 17 cm
2020 - A / 2	4	1905- 1905 "Kokkenhavedyrkning." Bók sem Árni fékk í þriðju verðlaun fyrir jarðræktafræði.	